

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 120,00 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrirfram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls, nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 60,00 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 699 28. desember 1981 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár ákveðin sem hér segir:

	Kr.
1. Skráning nýs hlutafélags	1 200,00
2. Skráning útibús erlends hlutafélags	800,00
3. Skráning breytingar á eldri skráningu	140,00
4. Löggilding skilaneftarmanna vegna slita á hlutafélagi	170,00
5. Vottorð úr hlutafélagaskrá	30,00
6. Ljósrit	16,00

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 698 29. desember 1981 um gjaldskrá hlutafélaga-skrár.

Viðskiptaráðuneytið, 29. desember 1982,

Tómas Árnason.

Björn Línal.